

**Með BMW mótorhjólaklúbbnum  
um Suður-Afríku 16.–28.10.2023**

## **Ferðasaga og dagbók**





Kort yfir ferðina

Býlu 5, Hvalfjarðarsveit 30.12.2023

Ferðasaga þessi byggir á daglegri skráningu höfundar ásamt atriðum og heimildum sem bætt hefur verið inn síðustu mánuði. Skráningin og athugasemdirnar eru upplifun höfundar af ferðalaginu út frá sjónarhorni og heimssýn hans. Engin tilraun var gerð til þess að gera textann hlutlausan. Tölulegar upplýsingar og umfjöllun um þjóðfélagsmálefni eru, eins og hægt var, byggðar á fjölda heimilda sem gengið er út frá að séu áreiðanlegar. Notuð voru m. a. opinber ríkisgögn, vísindalegar skýrslur og gögn frá Sameinuðu þjóðunum. Notkun yfirborðslegra gagna eins og Wikipediu var haldið í lágmarki. Tilvísanir og heimildaskrá eru ekki látnar fylgja. Það var gert til þess að minnka umfang vinnunnar við dagbókina og til þess að textinn virki ekki akademískur við lestur. Textinn er því að öllu leyti á ábyrgð höfundar og engan veginn ætlað að vera lýsing á upplifun ferðahópsins sem heild. Við samantektina er nöfnum ferðafélaga t.d. haldið í algjöru lágmarki og leikurinn með hetjur og skussa dagsins ekki tekinn með sem hluti af ferðasögunni.

Uppsetning ferðasögunnar tók mið af að hægt væri að prenta hana út sem A4 texta. Frjálst er að deila henni til þeirra sem gætu haft áhuga. Réttur til textans er þó eign höfundar. Mælt er eindregið með að samband sé haft, ef lesendum sýnist þurfa að lagfæra textann, ef þar er eitthvað sem virkar beinlínis rangt eða jafnvel móðgandi.

Myndirnar eru án undirtexta en flestar þeirra tengjast efninu þar sem þær eru settar inn.

Að síðustu þakka ég eiginkonu minni, Gyðu Bentsdóttur, sem hefur lagt töluverða vinnu í að breyta minni fátæklegu flemmingsku í læsilega íslensku. Meðfram málfarslegum leiðréttingum tók hún ýmislegt til ritskoðunar og síaði þar m.a. svæsnustu fullyrðingar og yfirlýsingar út.

Vonandi hafa lesendur gaman af að rifja upp ferðalagið og er þeim óskað góðrar skemmtunar við lesturinn.

Kveðja, Flemming Madsen

Dagur 1: Mán. 16.10.23

### Frá Centurion Pretoria yfir Standerton til Wakkerstrom

Eftir að hafa fengið hjólin okkar í hendur var það ákveðinn léttir að geta lagt í hann. Klakklaust gekk að komast út úr stórborginni þrátt fyrir að ekið væri á röngum vegarhelmingi. Vegatollar voru greiddir til þess að komast út úr þéttbýlinu. Síðan var farið eftir hraðbraut gegnum tilbreytingalítið flatlendi landbúnaðarhéraða. Fjöll sáust í fjarska gegnum mistrið. Á leiðinni fengum við fyrstu góðu dembuna yfir okkur og í fjarlægð sást að farið var að draga saman í þrumuveður sem við rúlluðum beint inn í. Eldingarnar voru magnaðar, margar þeirra tvöfaldar, og úrkoman frekar vatnsslettur en dropar. Á tímabili var það jafn vel hagl, sem skall af krafti á hjálmum okkar og öxlum, meðan fararstjórinn, Adrian, hélt ótrauður áfram á 100-120km/klst.

Stoppað var í landbúnaðarbænum Standerton, sem er á stærð við Selfoss, þar sem tankað var á hjól og maga. Borðað var á fancy grillbar, þar sem réttirnir á matseðlinum voru það framandlegir, að borðfélagi minn var byrjaður á mínum rétti, þegar þjónninn birtist með matinn hans. Hvað um það, ætli við séum ekki með sams konar veirubúskap, ferðafélagarnir? Eftir matinn fylgdu nokkrir úr hópnum trússbílnum á næturstað. Hinir fóru með leiðsögumönnunum Dave og Adrian um tvo vel færa malarvegskafla, um 40 km að lengd hvor. Drullukaflinn, sem Dave hafði varað okkur við eftir regnið, var ekki orð á gerandi.

Landslagið þennan dag var að mestu leyti flatlendi í 15-1600 metra hæð yfir sjávarmáli. Það kom seinna í ljós, að meirihluti ferðalagsins var í þessari hæð. Hæðin útskýrði, að hitastigið var ekki hærra en rétt um 20°C að jafnaði. Þegar við nálguðumst Wakkerstrom og næturstaðinn Wetland Game Lodge, breyttist landslagið skyndilega frá sviðnu flatlendi í grænar brekkur.



Wetland Game Lodge er staðsett í gróðursælum, óbyggðum dal með fallegum klettum og hávöxnum trjám. Vindurinn hvein þægilega í trjánum og mikið var um fugla. Eftirminnilegastir voru stórgerðir og glæsilegir hænsnfuglar, sem hljómuðu eins og smábarn væri að gráta. Gistingin og maturinn var hér til fyrimyndar og hópurn sýndi mikla ánægju með staðinn. Eftir kvöldmatinn drógu flestir sig strax í hlé eftir daginn, ennþá smá lúnir eftir 18 tíma langt ferðalagið hingað út eftir.

Dagur 2: Þri. 17.10.23


### **Frá Wakkerstrom um Newcastle að Safarisetrinu Nambithi Game Reserve, Ladysmith**

Akstursleið dagsins fór að mestu leyti í vaskinn. Um nóttina og morguninn rigndi hin heljarinnar ósköp, svo fararstjórnir blésu leiðina af, sem skipulögð hafði verið. Þeir töldu nógu erfitt að koma okkur upp á veg, sem síðan reyndist þó ekki vera neitt vandamál. Allir komust áfallalaust gegnum drullukafla og upp á aðalveginn. Áfram var haldið í rigningu ca. 150 km þar til stytti upp í grennd við Newcastle. Komum við til Springbook Game Lodge í sólskinu og hita um tvöleytið en þangað var 12-15km langur, rykugur þvottabrettiskafli. Þar var hjólunum lagt og töskurnar merktar með litlum miðum. Þetta var gert til þess að auðvelda starfsfólkinu að koma farangrinum í rétta gistitjöldin en næturstaðurinn var í



nokkurri fjarlægð. Þrátt fyrir fáránlega smæð miðanna tókst þeim ætlunarverkið að mestu en síðar kom í ljós að farangurinn í tjöld 9 og 6 höfðu víxlast. Okkur var nú smalað saman, komið fyrir í tveimur safarijeppum og skutlað á gististaðinn. Töluvert mikil skriffinska beið okkar við innritunina, sem gerði það að verkum, að hádegismatnum og hinni skipulögðu safariferð seinkaði miðað við áætlun.

Safariferðin var farin í tæplega 100km<sup>2</sup> stóru friðlandi. Hér fær náttúran (með aðfluttum dýrunum) að mestu að vera óáreitt fyrir utan umferð toyota landcruiser safarijeppa og starfsfólks, sem sagar hornin af nashyrningunum með aðstoð þyrila og deyfingarpílna. Sáum við þessi venjulegu afríkönsku dýr eins og gíraffa, flóðhesta, buffla, antilópur o. fl. Fílarnir höfðu stungið af og enginn veit hvar þeir eru niðurkomnir. Við hjólafólkið klikkuðum á að gera ráð fyrir vindkælingunni, sem varð þegar opna safaridruslan fór á ferð. Eftir þó nokkra keyrslu uppgötvaði bílstjórinn, að við vorum orðnir fölr í framan, komnir með nefrennsli og skjálfandi úr kulda. Þá fyrst bauð hann okkur að fá lánuð ponsjó, sem þangað til höfðu verið vel geymd í farangursrými bílsins.



Eftir heimkomu í myrkri var snæddur kvöldverður af bestu gerð. Síðan var farið beinustu leið í 40-50m<sup>2</sup> vel búnu gistitjöldin, sem líktust meira ósköp notalegu tjaldhýsi. Útisturtan var

kærkomin og rafhitaða rúmið ekki síður. Stefndum við á, að vera þökkalega úthvildir klukkan 5 að morgni, þar sem safaritúr við sólarupprás var í vændum.

Þrátt fyrir blautt upphaf dagsins og ýmsar breytingar á dagsprógramminu var þetta ánægjulegur og fjölbreyttur dagur.

Dagur 3: Mið. 18.10.23

### **Frá Ladysmith yfir fjallaskarð til Anew Vuilintaba golfhótels, Newcastle**

Vöknuðum eldsnemma (alla vega flestir okkar), þar sem fara átti í aðra skoðunarferð um friðlandið. Nú var stefnt á að leita uppi ljón. Toppurinn á þeirri ferð kom snemma, þegar við sáum blettatígurpar liggja og dúlla sér í morgunsólinni. Það var líklega vegna truflunar frá okkur að parið reis tignarlega á fætur og gekk í rólegheitunum fram hjá okkur. Tók það stefnuna inn í hátt gras og fyrr en varði komu þaðan antilópur á harðaspretti með blettatígurana á hælunum. Ekki vitum við, hvort tígrarnir fengu kjöt á morgunverðarborðið eða, hvort þeim hefur verið gefið langt nef. Ljónin fundust fyrir rest en voru það langt frá okkur að kíkja þurfti til að greina, hvort hér væri um ljón að ræða en ekki ljósbrún marsvín. Við gátum alla vega haldið heim á leið og morgunmatur var til reiðu við heimkomuna. Síðan var trússtöskunum pakkað og þær sóttar af starfsfólkinu.



Í Springbook Game Lodge viðgengust flókin vinnubrögð og töluverð skriffinska var við útskráninguna eins og við innskráningu, sumum til smá pirrings. Starfsfólkið, sem flest var ungt, dökkt fólk var þó verulega almennilegt og reyndi greinilega að gera sitt besta úr því, sem þeim hafði verið sett fyrir af yfirstjórn staðarins. Eftir langdregna útskráningu var okkur aftur smalað í safarijeppana og ekið að innganginum, þar sem hjólin voru geymd. Lagt var af stað um klukkan 11 og stefnan tekin á Mullers Pass. Höfundur dagbókarinnar missti af hjólaferðinni um skarðið en við eftirgrennslan um færðina reyndist leiðin betri en lýsingar Daves gáfu til kynna kvöldið áður.

Höfundur ók með skólastjóranum Kevin í trússbílnum og komu þeir snemma á gististaðinn, Anew Resort Vulintaba, sem er lúxus golfsetur fyrir utan Newcastle. Þar gafst tækifæri fyrir notalega stund og spjall um þjóðfélags- og lífshætti í Suður-Afriku nútímans. Kom þá m.a. fram að margt hafi snúist við síðan Apartheid lauk. Dökka fólkið fari nú með 4/5 hluta valdsins og hvíti minnihlutinn sætti sig þegjandi við það. Það viðgangist mútur og spilling við rekstur fyrirtækja. Skólakerfinu sé þrískift; einkaskólar séu fyrir yfirstéttina, sem hefur efni á að greiða skjólagjöldin, millistig, þar sem hluti skólagjalds sé greitt og að lokum útsveltir ríkisskólar, þar sem engan langar til að hafa börnin sín. Dökki hluti þjóðarinnar sjái sér hag í, að börn þeirra fái góða menntun og börnin leggi metnað og vinnu í skólagönguna. Fá þau oft hærri einkunnir að launum en hvítu börnin. Þessu fylgi umframframleiðsla á velmenntuðum dökkum, sem teknir séu fram yfir hvíta á vinnumarkaði. Ungir hvítir menntamenn fari því gjarnan úr landi, á meðan menntaðir dökkir berjist í bökkum við að finna starf við sitt hæfi heima fyrir. Þegar, og ef það tekst, er það oft illa launað starf hjá ríkinu. Þar fyrir utan sé aðallega í boði venjuleg verkamannavinna eða þjónustustörf. Ekki sé óalgengt, að vonsvikni og depurð séu afleiðingar þess að vera langskólagenginn. Samfélagið sem heild virki þó með öllum sínum vanköntum og þrátt fyrir misrétti og stéttaskiptingu séu Suður-Afríkubúar, svartir sem hvítir, stoltir af landi sínu og þjóð. Meirihlutann langi hvergi annars staðar að vera. (Tekið skal fram að þetta er samantekt og túlkun höfundar og skrifast alfarið á hans reikning.)

Áðurnefndur gististaður var glæsilegur og, eins og næturstaðir okkar hingað til, vaktaður innan girðingar. Það var greinilegt, að hann var ekki fyrir þá fátæku. Maturinn var frábær, eins og fyrri dagana; já líklega sá best og girnilegasti. Það var snemma farið í rúmið, því árla yrði lagt af stað næsta morgunn og löng keyrsla framundan.

Dagur 4: Fim. 19.10.23

#### **Frá Newcastle yfir Normadien Pass og Golden Gate Nature Reserve til Fouriesburg**

Lagt var af stað klukkan 8 í 370 km dagsferð. Fyrst var farinn ansi langur malbikskafli, þar sem töluvert af fólki var á ferli við veginn. Einhverjir reyndu að húkka sér far, aðrir betluðu, en einnig voru þarna alls kyns starfsmenn. Sumir þeirra virtust vera að tína rusl, aðrir virkuðu sem

viðvörunarljós með því að veifa rauðum fána þar sem framkvæmdir voru í gangi. Þarna voru börn á leið til skóla og konur með ungbörn, sem veifuðu til okkar þegar við ókum fram hjá.

Um 100 km kafla var yfir Collings fjallaskarð, sem á köflum var grófur en alveg hægt að komast yfir án vandræða. Eftir matarstopp tók við löng og tilbreytingalítill keyrsla á malbiki og útsýnið ekki mikið vegna misturs frá endalausum sinubruna. Eins og hina dagana var farið yfir hálendissléttu í 16-1700 m hæð með stöku fjöllum í fjarska. Skyndilega breyttist landslagið í fallegt fjallalandslag með tilheyrandi „Vaðlaheiðarbeygjum“ (kröppum beygjum) og bröttum brekkum. Þetta var innkeyrslan til Golden Gate Highlands National park. Nú var eins og við værum loksins komnir í alvöru framandi umhverfi, já komnir til Afríku. Landslagið hér var stórbrotið með móbergsstöllum og hvítum klettaveggjum úr sandsteini, sem við eigum ekki að venjast heima á Íslandi. Tekinn var rúntur um túristalegt þorp, Clarens, sem við nánari eftirgrennslan kom í ljós að er notalegt menningarsetur fyrir handverk og listir.



Þaðan tóku við 30-40 km áður en við renndum inn í Fouriesburg, sem tók á móti okkur með hólóttum, ómalbikuðum götum. Þá var klukkan um fjögur og við komnir nálægt Maluti fjöllum ca. 10 km frá landamærum Suður-Afríku og Lesótó. Gististaðurinn var notalegur, meira en 100 ára gamall staður byggður úr sandsteini. Öllu virtist vel við haldið og vera í sínu upprunalega formi. Gólfíð í matsalnum var einnig upprunalegt og gert úr efni af svæðinu. Það brakaði og brast hressilega í því og einhverjir okkar höfðu áhyggjur af að detta í gegnum það og lenda í vinkjallaranum. Herbergin voru með notalegu afdrepi við innganginn. Úti fyrir spókaði sig hani, sem misst hafði tímaskynið og galaði allan sólarhringinn.

Hópurinn var misánægður með kvöldverðinn. Aðalvandamálið var, hvað grillglaðir karlar frá Íslandi álíta medium-rare steikt kjöt og hvernig kokkur í Suður-Afríku metur það. Þetta þema átti eftir að verða gegnumgangandi á ferðalagi okkar.



Dagur 5: Fös. 20.10.23

### Hringur kringum Golden Gate National Park

Þennan dag var ekinn ca. 250 km rúntur út frá gististaðnum í Fouriesburg. Nokkrir úr hópnum tóku sér hvíldardag í Fouriesburg, til þess að sinna ýmsum erindum. Aðrir fóru með Kevin í trússbílnum til Clarens. Þar var m.a. fjárfest í þarfahlutum eins og tveimur kúhúðum og gjöf handa frúnni heima.

Hjólakapparnir lögðu í hann um 10 leytið og skelltu sér beint á 60 km fjallveg meðfram landamærunum til Lesótó, sem sagður var easy piecy. Í ljós kom, að leiðin hafði breyst síðan hún var prufukeyrð og reyndi að minnsta kosti eins mikið á mannskapinn og Collings Skarðið deginum áður. Matarstopp var í litlu þorpi, þar sem þau mistök voru gerð, að panta af matseðli staðarins. Málið var, að fyrst þurfti að slátra kind og rækta og mala korn í brauðið áður en hægt væri að bera matinn fram. Fararstjórinn skipaði því mönnum héreftir að panta sér eingöngu samloku með osti og skinku.

Það hafði ekki farið fram hjá okkur í ferðinni að sumum hvítum þætti „svörtu vinum“ þeirra ekki treystandi. Ríkisstjórn þeirra væri spillt og stæli peningum fólksins. Þeir eignuðust allt of mikið af börnum og það, sem þeir tækju að sér, færi í klúður. Þeir hugsuðu ekki eins og hvítir og menn þyrftu að ganga um vopnaðir, vegna þess hvað þeir væru óútreiknanlegir.

Tekið skal fram að samantektin hér að ofan er með orðalagi höfundar og að ekki er verið að álasa neinum. Höfundur veltir þó fyrir sér, hvort hluti hins hvíta minnihluta vinni, með skoðunum sem þessum, gegn þróun suður-afríksk samfélags. Margir hvítir sætti sig við

ástandið og aðrir fá það besta út úr því. Nefna má, að 72% af landbúnaðarlandi Suður-Afríku er í eigu hvíttra.



Eftir stoppið ók um helmingur hópsins með Dave til Clarens á ótrúlega holóttu malbiki, þar sem farinn var hringvegurinn kringum Bethlehem og fram hjá EDEN (sem höfundur hélt reyndar að væru í Ísrael og Hveragerði). Hressa liðið fór malarleið með Adrian og var mætt í Clarens vel á undan malbikshópnum. Meðan tekið var matarhlé, lýsti Adrian því yfir, hve frábæra hjólara hann hefði haft með sér. Eftir kaffi, mat og ýmis innkaup í Clarens var tankað og lagt af stað heim til Fouriesburg, þar sem við vorum komnir um fjögurleytið. Reyndar héldu nokkrir úr harða kjarnanum áfram aukaleið með Adrian og komu þeir ekki heim fyrr en rétt fyrir kvöldmat. Þá var eftir að byrgja sig upp af Kit Kat og flöskuvatni fyrir næstu daga í Lesótó ... og ekki síst að kvarta yfir ofsteiktu nautakjöti.

Dagur 6: Lau. 21.10.23

### **Frá Lesótó yfir Mafika fjallaskarð, Katsestíflu og Thaka Tseka**

Lagt var af stað klukkan 7:30 en einungis 12 km eru frá Fouriesburg Country að landamærastöðinni Calendonspoort inn í Lesótó. Hitinn var steikjandi. Þrátt fyrir fyrir að leggja snemma af stað, tókst okkur ekki að losna við laugardagsumferð og vegagerð, sem vitað var um. Það voru viðbrigði að keyra inn í landamærabæinn Butha Buthe. Þar var fólk úti um allt.

Hér voru litlar bárujárnssjoppur og gangandi sölumenn, sem buðu upp á alls kyns matvörur eins og lifandi hænur, bökunarkartöflur og rauðrófur. Mikil vegavinna blasti við okkur og grillijón af fólki þar við vinnu. Var þetta eiginlega eitt allsherjar kaos með bílum, vinnuvélum, börnum, ösnum með poka á bakinu og ekki síst stætisvögnum og vinnuvélum, allt ofan í hvort öðru.

Eftir að hafa ekið í gegnum kaosið tók hópurinn sér hlé undir tré, þar sem börn voru að leik í grennd. Þau færði sig smám saman nær okkur og margar myndir voru teknar af þessum litlu, glaðlegu börnum. Þau áttu líklega heima í húsahverfi rétt fyrir ofan en húsakostur hér er lakari en í Suður-Afríku, allt frá sæmilegu múrsteinshúsi yfir í fátæklegt, kringlótt leirhús með stráþaki.



Eftir Butha Buthe tók við malbikaður vegur í mun betra ástandi en þjóðvegur 1 heima á Íslandi. Sagt er, að kínverjar sjái um stóran hluta vegakerfisins í Lesótó. Þeir grafi upp og greiði fyrir demanta, sem eru næst stærsta tekjulind landsins. Getur verið að gjaldeyrir frá útflutningi demanta sé notaður í samgöngur, til þess að flýta fyrir uppbyggingu iðnaðar í landinu; iðnaðar, sem með tímanum gæti haldið uppi nútímalegra samfélagi? Demantar eru 34% af útflutningstekjum Lesótó. Einungis fatnaður er stærri með 44%.

Vegirnir hér voru í algjörrri mótsögn við bæinn og fátæktina, sem við komum úr. Malbikið leiddi okkur með skemmtilega endalausum sveigjum og beygjum yfir Mafika fjallaskarðið í 3000m hæð. Hádegisstopp var svo tekið í smábæ í fyrirverandi þjónustubyggingu fyrir Katse

uppistöðulónið. 705m löng og 185m há Katsestíflan, sem tekin var í notkun 1996, er stórt þróunarverkefni fjármagnað af Alþjóðabankanum. Stíflan þýddi mikla uppbyggingu á svæðinu m.a. með gerð fleiri hundruð km vegakafla. (Vegirnir á þessu svæði eru því ekki kínverskir eins og ef til vill var gefið í skyn.)

Stóru verkefni sem þessu fylgir oft spilling og Katsestíflan er þar engin undantekning. Framkvæmdastjóri þess (Masupha Ephraim Sole) var dæmdur í 15 ára fangelsi fyrir að hafa fengið a.m.k 1.000.000 \$ inn á swissneskan bankareikning sinn. Lesótóríki fór fyrir rétt með mútumálið og lenti þar í miklum mótvindi. Það vann þó málið og eftir það hefur spillingin í Lesótó aðallega takmarkast við low level mútur. Aðalþrjóturinn og stærsti mútugreiðandinn var ítalska fyrirtækið Impreglio, sem við könnumst við vegna byggingar Kárahnjúkastíflunnar skömmu eftir vígslu Katsestíflunnar.



Stíflan færir Lesótó gjaldeyri með vatnssölu til Suður-Afríku og framleiðir 72MW raforku til þeirra 2,2 milljóna, sem lifa hér. (Þörfin er 120MW.) Lesótó er eitt af fátækustu ríkjum heims með landsframleiðslu (GBP) á milli 1870\$ og 2700\$ á mann (700-1000kr á dag) en 52% lifir undir fátæktarmörkum (Lesótó style). 25% íbúa eru með eyðni og meðalaldur 52 ár, auk þess sem hér er hæsta sjálfsvígstíðni í heimi. Þrátt fyrir þetta mætti okkur alls staðar bros og fólk veifaði, þegar við, dekurðýrin, komum brunandi á hjólum, sem kosta mörg árskauð þess, ef það á annað borð hefur vinnu.

Eftir Katsestífluna voru ekki nema 50-60 km eftir til Motherland Guesthouse í bænum Thaka Tseka. Leiðsögumenn okkar höfðu varað við því, að vegurinn væri grófur. Í boði voru djúpar holur, mikið af skorningum og uppþornuðum hjólförum. Við sluppum þó við drulluhálku, þegar úrkomulítið en meiriháttar þrumuveður brast á beint yfir okkur. Því fylgdu mikilfenglegar eldingar með tilheyrandi svakalegum þrumum, sem bergmáluðu í fjöllum í kring.

Blautir og háflúnir eftir langan dag biðum við á barnum eftir trússbíl og kvöldmat. Ungar vel klæddar stelpur sátu þar fyrir. Þess má geta, að Motherland Guest house bauð upp á ókeypis smokka á herbergjunum og á viðvörunarskiltum stóð, að sektin við að taka auka“gest“ með upp á herbergið væri 300ZAR. Höfundur hugsaði til þess, hve þessar ungu stelpur voru líkar jafnöldrum sínum í íslenskum framhaldsskólum, þegar þær sátu brosandir með símana sína í fínum fötum með hárið vel greitt. Gæðamatið virtist svipað en í stað Apple iPhones var hér um ódýra kínverska Samsling að ræða og fötin merkt Adibas en ekki Adidas.



Kevin í trússbílnum var vel tekið, þegar hann seint og um síðir kom í hús vegna slæma vegarkafans. Fóru menn í heitt bað og dressuðu sig upp í þurr föt áður en snæddur var kvöldverður. Einn af mörgum hápunktum dagsins var, þegar kokkurinn var kölluð fram og klappað var fyrir henni. Hún varð hrærð og fékk tár í augun vegna upppákomunnar. Henni var færður 100 Zar seðill (750 kall) og heyrðist hún hrópa upp yfir sig af gleði, þegar hún sneri aftur í eldhúsið sitt.

Dagur 7: Su. 22.10.23

### Frá Thaba Tseka eftir kappakstursbraut yfir fjallaskörð til Semonkong

Eftir morgunmat, og úthlutanir úr danska apótekinu handa þeim hjólamönnum, sem voru aumir eftir að hafa dottið í gær, var lagt af stað um klukkan 9 frá Thaba Tseka. Tankað var á bensínstöð, þar sem stöðvarhúsið leit út eins og beitningaskúr á Vestfjörðum. Kínverski eigandinn tók við peningunum, hann treysti greinilega ekki stafsmanni sínum fyrir þeim. Við tók um 250 km endalausar sveigjur og beygjur yfir þó nokkur fjallaskörð, sum þeirra allt að 3000 m.y.s. Veðrið var frábært en napurt efst uppi. Vegurinn var eins og kappakstursbraut og umferðin kringum þorpin takmörkuð en fyrir utan okkur mátti sjá nokkra hyrða með beljur, kindur eða geitur. Í grennd við smáþorpin voru börn á öllum aldri í skólabúningum sínum á leið til eða frá skóla. Já, skólakerfið virkar í Lesótó og upplýsingaflæði landsins er haldið uppi af internetinu og ódýrum kínverskum sínum.



Slatti af hópnum notaði daginn í ljósmyndun af fallega Lesótó-fólkinu og reyndi að skrásetja lífshætti þeirra inn í myndasafnið. Allan daginn blöstu við asnar og múldýr með alls konar farm á bakinu í bland við konur, sem á sama hátt virtust misnotaðar sem burðardýr. Ekki tókst höfundu að koma auga á einn einasta karl með eldivið á bakinu eða stóra tunnu á höfðinu. Fólkið við veginn, börn sem fullorðnir, brostu og veifuðu. Krakkarnir léku sér á og við veginn. Smástrákar ýttu á undan sér eða drógu eitthvað, sem leit út fyrir að vera heimagerður

leikfangabíll, gerður úr kopar eða strálþræði. Andstæðurnar voru miklar. Allan daginn keyrðum við á malbiki, sem virtist nýlagt, um auða fjallvegi og gegnum bæi með fólk gangandi í vegkantinum. Heimafólkið var í alls konar erindagjörðum t.d. rekandi nokkrar kindur, geitur eða kú, þar sem annað hornið og einn fóturinn var bundið saman með bandi.

Þegar komið var til Semonkong tóku sumir straiðið eftir ca. 7 km afleggjara upp í fjöllin að skoða hinn 192m háa foss Maletsunyaene. Ekki vorum við sérlega hrifnir, enda sem Íslendingar eðlilega vandlátir á fossa. Enn og aftur blöstu við andstæður, sem við skildum ekkert í. Í staðinn fyrir að byggja hentugan pall og snoturt íssöluhús (svipað og við Barnafossa) var hér kuldalegt fleiri hundruð miljón króna marmarahús með stóru kaffihúsi og gístiaðstöðu fyrir fjölda manns. Það eina sem skorti var fólk en fyrir utan okkur var einungis lítill hópur starfsfólks á staðnum. Manni sárnaði þetta tilgangslausa bruðl í landi, sem sárlega vantar m.a. heilbrigðiskerfi og lækna, sem ekki eru í órafjarlægð frá heimabyggð.



Aðkeyrslan á gístistaðinn Semonkong Lodge var nokkuð löng og vægast sagt sérstök. Fyrst var keyrt gegnum mikinn fólksfjölda í fátækrahverfi með afríkönskum bárujárnsskúrum. Síðan lá leiðin niður bratta brekku að Semonkong Lodge, sem er í gróðursælu dalverpi meðfram árbakka lítillar ár. Rétt eftir komuna sást hressi hópurinn okkar koma með sleggju og trékubb, sem þeir höfðu fengið að láni. Síðan heyrðust barsmíðar og hamagangur. Hvað þar var í gangi kom ekki í ljós fyrr en síðar.

Gistihúsin strápöktu voru afar sérstök og maturinn af bestu gerð, en fokdýr. Hugsið ykkur, að leyfa sér að rukka saklausa, íslenska fjármagnsbraskara og fyrirtækiseigendur um 3.000 kr fyrir þriggja rétta máltíð! Svo leyfði staðurinn sér að loka fyrir rafmagnið frá klukkan 22 að kvöldi til klukkan 9 næsta morgunn. Ókey, það voru eldspýtur og kerti til taks á náttborðinu.



Lokaorð dagsins er þakklæti fyrir að hafa kynnst einu af fátækustu ríkjum heims, fyrir að vera vesturlandabúar, og fyrir að ganga til hvíldar við léttan nið árinna í Semonkong.

Dagur 8: Mán. 23.10.23

### **Frá Semonkong yfir landamærastöðina Qacha's Nek til skóglendis fyrir utan Kokstad**

Lagt var af stað um klukkan 9 og keyrt gegnum keimlíkt landslag og daginn áður. Vegurinn var malbikaður og með nokkuð mörgum hraðahindrunum, sem virtist random dreift. Vegastæðið lá gegnum margbreytilegt fjallalandslag og smáþorp með strápöktum leirsteinshúsum. Síðasta spölinn frá Lesótó að landamærunum var ekið meðfram Sinqua ánni. Einnig í dag sáuust bændur með asna og veifandi og brosandir börn við vegkantinn.



Við kvöddum Lesótó og ég held að flestum okkar hafi blöskrað spillingin. Hún heldur pólitískri yfirstétt við völdin í þessu fallega og stórbrotna landi; landi sem hefur upp á litlu minna að

bjóða en Ísland sem ferðamannaland. Kona í Semonkong sagði við okkur að stjórnmálamenn hreinlega horfðu fram hjá fólkinu í landinu. Andrúmsloft Lesótó er friðsamlegt og óstressað. Fólkið er vingjarnlegt en þarf að láta sér nægja það litla, sem það á af veraldlegum toga. Lífið virðist ganga hægt og lullast dag frá degi án mikillar tilbreytingar. Já, það er eins og maður gæti ímyndað sér hina „góðu“ gömlu daga hjá okkur.

Komið var að landamæristöðinni Qacha's Nek um hádegi. Þar þurfti að stimpla sig út úr Lesótó og síðan inn í Suður-Afríku. Við tók langur vegavinnukafli á grófum malarvegi til Matatiele. Hádegismaturinn var subbulegustu hamborgarar ferðarinnar á hávaðasamri bensínstöð í steikjandi hita. Það voru mikil viðbrigði að koma aftur til Suður-Afríku, í mannmergðina, bílafjöldann og auglýsingaskiltin úti um allt. Hér tók ringulreiðin við og lífið allt nútímalegra en í Lesótó. Gætum við vanist þessu aftur?



Eftir Matatiele var hópnum skipt. Malarvegsgrúppan keyrði yfir Swartberg, á meðan letingjarnir – og aumingjarnir sem höfðu fengið nóg eftir vegavinnuna – óku fram hjá Cedarville og Kokstad til næturstaðarins fyrir utan Harding. Komum við um klukkan 15:30 á enn eitt glæsilega ANEW hótelið í villtu, upprunalegu skóglendi, Ingili Forrest.

Segja má að dagurinn hafi verið frekar tilbreytingalítill keyrsludagur en einkennst af miklu menningarsjokki.

Dagur 9: Þrið. 24.10.23

### **Frá Ingili Forrest um Kwazulu Natal til Sani Pass í Malothi Drakenberg Park**

Lagt var af stað klukkan 8. Það var fyrr en upphaflega var gert ráð fyrir, þar sem von var á skúrum á akstursleiðinni. Sú spá rættist nú ekki. Veðrið var frábært og einnig akstursleiðin,

sem lá gegnum sveitir Kwazulu Natal. Hér er um að ræða strjálbýlt svæði, skóglendi, dali og hæðahryggi með stórfenglegu útsýni og ekið á malarvegi nánast allan tímann. Stoppað var í



kapólsku kirkjunni Lourdon Mission, þar sem presturinn (fyrrum rockmúsíkant) sagði frá starfsemi og sögu staðarins. Magnað að reisa svona stóra kirkjubyggingu í lok 19. aldar, þar sem fáir bjuggu. Starfseminni í dag er haldið uppi með frjálsum stuðningi og vinnuframlagi nokkurra munna og nunna. Hér er aðstoð fyrir munaðarlaus börn og hér koma um 900 manns saman til guðþjónustu með jöfnu millibili.



Næst var komið til Underberg (Hvers vegna ekki Jägermeister eða Gammel dansk?) vel upp úr hádegis að frátöldum smáhópi, sem villtist verulega af leið. Hádegisstaðurinn okkar reyndist lokaður en okkur var bent á að koma við í golfskálanum rétt utan við bæinn. Eftir afbragðs mat

Þar var tankað og rúllað síðasta spölinn að Sani Pass Hotel, þar sem gista átti næstu tvær nætur. Frábær staður með alles. Hér var farið í laugina og/eða nudd og fötin afhent í þvott. Já, þetta ER orðið þreytt, en maturinn var sá besti og girnilegasti í ferðinni hingað til.

Eftirvænting var í hópnum yfir að eiga fyrir höndum að fara upp Sani Pass næsta morgunn en Adrien skaut liðinu skelk í bringu, eftir að hafa farið prufuferð upp í skarðið. Slóðinn væri brattur og stórgrýttur og ekki mælt með að aðrir en reynsluboltar færu á morgun. Heyrðist samt á hópnum, að hann væri samstilltur og ætlaði sér upp. „Við hjálpumst að eins og venjan er í BMW mótorhjólaklúbbnum. Ekkert mál, við höfum þetta.“

Dagurinn var búinn að vera meiriháttar keyrsludagur gegnum fallegt landslag í frábæru veðri.

Dagur 10: Mið. 25.10.23

### **Sani Pass upp og niður**

Dagurinn var eins og aðfangadagur með eftirvæntingu en líka smá stressi yfir því, hvað væri í pakkanum. Hápunktur ferðarinnar yrði að sigrast á Sani fjallaskarði og stemningin var eins og greint var frá í gær: Allir færu upp, þrátt fyrir viðvaranir Adrians. Undirritaður fór ásamt tveimur ferðafélögum og Dave á undan í bíl. Ókum við m.a. var fram hjá apahópi og eins konar nagdýrum, sem ku vera aðalfæði arnarins á svæðinu. Bílstjórinn var góður leiðsögumaður, sem sagði frá jarðfræði og örnefnum hér í Drakenbergfjöllunum. Einnig skemmti hann sér við að gera grín að fv. aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu Þjóðanna, Ghana-manninum Kofi Annan, þegar ekið var yfir „Kofi Annan brúna. Hún reyndist vera óbrúað vað á leið upp að Sani fjallaskarðinu. Það kom höfundu þægilega á óvart, hve Dave sýndi mikla vinsemd og virðingu í ferðinni gagnvart þessum dökka vini, bílstjóranum okkar.



Okkar leist misvel á slóðann og alla leiðina vorum við að meta, hvort þetta væri á færi okkar manna. Dave áleit að fríski hópurinn myndi komast upp en +60 hópurinn líklega ekki hafa það. Stórgrýtt var og laust, þó aðallega í beygjum, og ansi bratt síðustu 8-9 beygjurnar. Það fór ekki á milli mála. Kannski var þetta ekki ósvipað Grjóthálsi a.m.k. jafn bratt en mikið lengri leið. Eins og búist var við, fóru hetjurnar alla leið upp. Þeim tókst það með mismiklu brölti en án meiriháttar veltna og án þess að nokkur slasaðist. Þegar upp var komið voru lúmsk bros á vörum og vel sveittum ferðalöngum vel fagnað. Sumir áttu þó litla orku eftir í það. Snæddur var hádegismatur á hæsta veitingastað Afríku, Sani Mountain Lodge, rétt innan við landamæri Lesótós. Líklega væri „léttir“ besta orðið yfir stemninguna hjá mannskapnum, þegar hér var komið sögu.



Niðurleiðin gekk áfallalaust, svo áfallalaust að unglingur hósins fór aftur upp og niður skarðið. Dave úrskurðaði strákinn aðalhetju dagsins og bætti við, að hann (Dave) væri lengur að fara á klósettið en þær rúmlega tuttugu mínútur, sem það tók Einar Skúla að keyra Sani Pass.



Eins konar andagt, í bland við sýnilega þreytu, mátti finna hjá íslensku BMW köllunum, þegar þeir síðar um kvöðið drógu sig í hlé í bústaði sína.

Óhætt er að fullyrða, að dagurinn hafi verið toppurinn á ferðinni.

Dagur 11: Fi. 26.10.23

### **Frá Malothi Drakenberg Park til La La Nathi Country Guest House, Harrismith Swinbourne**

Lagt var snemma af stað og tankað í Himeville. Svo var ekið beint á malarveg, sem er vinsæll hjá BMW fólki Suður-Afríku. Vegurinn lá gegnum grænar sveitir upp og niður brekkur í fallegu landslagi ekki ósvipað og daginn þar áður. Í steikjandi sólskininu myndaðist mikið ryk, svo nauðsynlegt reyndist að halda góðri fjarlægð á milli hjóla. Af malarkeyrslunni tók við stuttur malbikskafli, þar til komið var að morgunkaffistoppi í kæfandi hita. Áður en lagt var af stað aftur, fékkst það ráð hjá Dave, að rennbleyta bolinn. Það virkaði eins og loftkæling væri innbyggð í hjólajakkann. Ráðið var vel þegið og því fylgt það sem eftir var ferðalagsins. Haldið var áfram á malbiki og var það frekar leiðinleg keyrsla. Ferðin gekk aftur á móti greiðlega að hádegisstoppi á óvenju gæðalegum stað á afríkanskan mælikvarða. Hér í Kwa Zulu Natal virtist samfélagið evrópskara og fjárhagslega betur á sig komið en í Mangaung Free State, þar sem við ferðuðumst um áður en rennt var inn í Lesótó.

Lokasprettur dagsins og ferðalagsins voru tveir mjög rykgugir malarvegskaflar. Hér var ekið í hita, sem fór upp í 34°C, en hraðinn var orðinn nokkuð góður áður en komið var í La La Nathi Country Guest House nálægt Swinbourne. Þetta er spes staður með notalegum stráþökum smáhýsum. Inni í þeim var notalega svalt, þrátt fyrir hitann úti. Það eina, sem setti strik í reikninginn var, hve mikið heyrðist frá N3 aðalhraðbrautinni til Jóhannesborgar en hún var ansi nálægt okkur.



Stemningin seinnipartinn og um kvöldið var öðruvísi nú, þar sem ferðalag okkar var að lokum komið. Hún einkenndist af því, hve menn voru sammála um, að ferðin hefði verið frábær en einnig af þakklæti fyrir að hafa kynnst á annan hátt en áður. Hópurinn var þreytulegur en brosandi, þegar háttað var snemma eftir dag í steikjandi hita.

Dagur 12: Fös. 27.10.23

### **Frá Harrismith til Pretoria Centurion að skila leigjuhjólunum**

Til þess að skila hjólunum á hjólaleiguna voru keyrðir 360 km á þráðbeinni hraðbraut gegnum tilbreytingalítið landslag Mangaung Free State. Mistur var yfir eins og áður vegna afríkönsku útgáfunnar af sinubruna. Það blandaðist svo dísilfnyk frá fjölda risastórra trukka á N3 aðalveginum frá Harrismith til Jóhannesborgar. Einkennilegt var að sjá, hve fátækrahverfin meðfram veginum voru rýr í byrjun ferðar en virtust braggast, eftir því sem stórborgin nálgaðist. Komið var á leiguna milli 12 og 13 eftir a.m.k. 100 km keyrslu um stórborgarvegakerfi í 30-35°C hita. Hjólunum var skilað og þau skoðuð. Mikið reyndist vera um beyglur á framfelgum. Eitt hjól fór þó athugasemdalaust í gegn. Framfelga þess hafði verið lagfærð í Lesótó með sleggju og trékubbi. 😊 Það sannaðist hér að lífið getur stundum verið jafn ósanngjarnt og misskipt hjá okkur og hjá fátæka fólkinu í Lesótó.

Komið var á Anew Centurion Hotel, eftir að menn höfðu fjárfest í ómissandi BMW fötum og dóti og eytt þó nokkrum tíma í glæsilegu BMW búðinni, þar sem hjólin voru leigð. Það sem eftir var dags og kvölds var notað til ýmissar afþreyingar, eins og að skoða og bruðla í verslunarmiðstöðvum, fara í laugina eða bara leggja sig. Lokahóf var síðan haldið með kvöldverði.

Að leiðarlokum voru allir ánægðir og brosandi. Við vorum fegnir því að á engum tímapunkti hafði verið um átök eða stress að ræða í hópnum. Allir komust sáttir og öruggir í höfn eftir tæpa 3000 km, að mestu um Mangaung Free State, Lesótó og Kwa Zulu Natal.



Dagur 13: Lau. 28.10.23

### **Pökkunar- og hvíldardagur með skoðunarferð um Jóhannesarborg**

Lokadagurinn fór í skoðunarferð með rútu til Jburg, eins og þeir kalla hana hér. Á leiðinni blöstu við fátækra- og glæsivilluhverfi innan rafmagnaðra gaddavírsveggja. Stoppað var í grennd við skemmtigarð, þar sem fólk stundaði m.a. þyrluflug. Gullgrafarabærinn Jóhannesarborg er dæmigerður fyrir landið, þar sem fjárhagsleg misskipting er mikil. Hér eru það „us and them“ og virðast ekki margir rúmast þar á milli. Leiðsögumaðurinn í rútnni var ekki upp á marga fiska, sagði lítið og ók okkar að Aphartheidsafninu. Það er í flottri byggingu og sýnir myndir frá aðskilnaðarstefnutímabilinu. Síðan var keyrt til minnisstaðar um ungan dreng, sem skotinn var til bana á þessum tíma.

Um þriðjungur hópsins stakk af hér til þess að fara á AA fund og var höfundur dagbókarinnar þar á meðal. Meðan við biðum eftir Uber-leigubíl, tókum við eftir einkennilegri lykt, sem reyndist koma frá sölubás. Í ljós kom, að auk opinbera söluvarningsins var hér boðið upp á þrjá mismunandi gæðaflokka af grasi á 200, 300 og 500 ZAR pokann. Við létum duga að kanna verðið og fórum ótruflaðir beint á fundinn með yfirstéttinni en hann fór fram í einhvers konar safnaðarheimili.



Kvöldið fór í að kveðja Dave, Adrian og Kevin í matarboði á veitingastað í mollinu rétt hjá ANEW Centurion hótelinu. Kjötið var loksins rétt steikt og mikil ánægja með það.

Undir borðhaldinu röðuðust inn á símana okkar háir, og að okkar mati ósanngjarnir, reikningar fyrir tjón á leigjuhjólunum. Aumingja við, sem höfum efni á að fara alla leið hingað, grenjuðum yfir tjóni, sem við höfðum sjálfir valdið. Á meðan voru flestir aðrir Íslendingar við vinnu heima á Íslandi í roki og rigningu. Við lærðum þó, að gott trikk sé að fjárfesta í sleggju og trékubbi næst, þegar við leigjum hjól. Við lærðum líka að spara má 70.000 kr við að hlusta ekki á fararstjóra, sem mælir með því að lækka dekkjaprýstinginn niður í 26 pund.



Allan daginn sáum við fólk á ferðinni í grænum rugbybolum, einkennisbúningi landsliðs Suður-Afríku. Um kvöldið var svo úrslitaleikur um heimsmeistaratitilinn gegn erkióvininum, Nýja Sjálandi. Suður-Afríka vann nauman sigur í taugatrekkandi leik með einu stigi. Eftir leik ríkti mikil gleði og fagnaður með dansi og fjöldasöng, flautandi bílum og tilheyrandi hávaða. Glöð og fagnandi Suður-Afríka kvaddi okkur þar með í þetta sinn og gátum við ekki annað en þakkað fyrir okkur með auðmýkt.



Takk til þeirra sem lögðu plóg á hönd við skipulagninguna, ekki síst aðkallsins, sem hér sést.